

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2002

frá 27. september 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/738/EB frá 17. október 2001 um að samþykkja áætlun, sem Holland hefur lagt fram, um vöktun og eftirlit með salmonellu í hænsnum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Flytja ber ákvarðanir 2000/60/EB og 2000/629/EB, sem þegar eru hluti af samningnum, undir aðra liði í hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 277, 20.10.2001, bls. 27.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Texti 38. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/60/EB) og 39. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/629/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ falli brott.
2. Eftirfarandi liðir komi aftan við 4. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/502/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:
 - „4a. **32000 D 0060:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/60/EB frá 21. desember 1999 um að samþykkja áætlun, sem Austurríki hefur lagt fram, um vöktun og eftirlit með salmonellu í hænsnum (Stjtið. EB L 22, 27.1.2000, bls. 61).
 - 4b. **32000 D 0629:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/629/EB frá 9. október 2000 um að samþykkja áætlun, sem Frakkland hefur lagt fram, um vöktun og eftirlit með salmonellu í hænsnum (Stjtið. EB L 265, 19.10.2000, bls. 29).
 - 4c. **32000 D 0738:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/738/EB frá 17. október 2001 um að samþykkja áætlun, sem Holland hefur lagt fram, um vöktun og eftirlit með salmonellu í hænsnum (Stjtið. EB L 277, 20.10.2000, bls. 27).“

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/738/EB á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Gunnar Snorri Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann